

Það er mat á vinnubrögðum í **listsköpun** í leikskólanum Lundarseli:

Spyrjið fyrst ykkur sjálf og punktið niður ... Spyrjið svo hvort annað og ræðið eftirfarandi spurninga:

Hvernig er ég / við að sinna sköpun á deildinni? Erum við að mála, teikna, leira, kubba, blanda saman, prófa og prufa? Skiptir ferlið eða útkoman máli? Ræður barnið ferlinu? Er ég / við stjórnandi í sköpunarferlinu? Er ég / við að nota skapalón?

Vinsamlegast skrifið niður nokkra punkta og skilið inn – það þarf að sanna að mat hafi átt sér stað!

Gott að lesa þetta yfir ↓

Í skólanámskrá Lundarsels segir um Sköpun og Menning að markmið okkar séu:

„Efla sjálfstraust barna og hvetja til sköpunar.

Efla ígrundun og andríki barna, persónulegan þroska, frumkvæði og nýsköpun.

Börnin fá fjölbreyttan efnivið til að skapa með.

Börnin fá tækifæri til sköpunar í öllu starfi leikskólans.

Tenging við aðalnámskrá

Áherslur skólans tengist vel megin markmiði um sköpun samkvæmt aðalnámskrá að umhverfi leikskóla eigi að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna.

Námsleiðir:

Börnnum eru gefin tækifæri til skapandi hugsunar og eða sköpunar í verki. Kennarar gefa sér tíma til að ræða málin við börnin og að leita nýrra leiða og láta reyna á óvænt og áhugaverð vinnubrögð.

Kennarar hafi í huga að sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Börnin eru hvött til að gera margvíslegar tilraunir. Litið er á mistök sem tækifæri til að læra af reynslu.

Börnnum gefst tækifæri til að skapa með ýmsum hætti í gegnum leik með myndlist, samræðu, tónlist og vísindi. Nýtt eru margskonar endurvinnanlegt efni og einnig það sem börnin finna út í náttúrunni.

Starfsmenn aðstoða og hvetja börnin eftir því sem við á en teikna og lita ekki fyrir börnin. Tilbúin „skapalón“ eru ekki viðurkennd til að koma í veg fyrir að sjálfsmynd- og sjálfstraust barnanna þverri.

Mat

Sjálfsmat kennara , hver og einn kennari fer yfir hvernig hann sinnir sköpun með börnunum fyrir sig. Kennarar ræða saman innan deilda og meta starf deildarinnar með tilliti til markmiða og leiða með sköpun **um áramót og vor.**“

Og í Aðalnámskrá segir : „Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og öllu námi og skólastarfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.“ ... og „Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun

Kæru Lundarselir- NÚ ER KOMIÐ AÐ MATI – INNRA MATI (þá metum við okkur sjálf)

Það er mat um hvernig við erum að vinna með **lýðræði** í leikskólanum

Spyrjið fyrst ykkur sjálf og punktið niður ... Spyrjið svo hvort annað og ræðið eftirfarandi spurninga:

Eru börnin eigin áhrifavaldar í sínum degin degi eða ræður þú / þið öllu?

Eru börnin að :

Taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni.

Hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum.

Bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.

Vinna saman og aðstoða hver annan.

Hafa val um verkefni og vinnubrögð.

Hafa áhrif á leikskólastarfið.

Taka þátt í heimspekilegum umræðum.

Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.

(Þetta eru punktar upp úr Aðalnámskrá leikskóla þar sem fjallað er um lýðræði og jafnrétti bls. 25)

Vinsamlegast skrifið niður nokkra punkta og skilið inn – það þarf að sanna að mat hafi átt sér stað!

Gott að lesa þetta yfir ↓

Í skólanámskrá Lundarsels segir um Lýðræði og mannréttindi að markmiðin séru að

Börnin átti sig á því að allir eru jafnir; óháð kyni, trú, menningu og skoðunum.

Börnin fá tækifæri til að njóta eigin atorku og þroska með sér hæfileika sína óháð kyni, trú, menningu og skoðunum.

Börn og foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðun sem varða starf leikskólans.

Tenging við aðalnámskrá

Áherslur skólans tengist vel markmiði um lýðræði og menntun í aðalnámskrá um að lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins.

Leiðir

Börnin fá að velja viðfangsefni við hæfi í leik. Hlustað er á börnin og þau virt fyrir það sem þau eru.

Börnunum er gefinn kostur að taka þátt í ýmsum ákvörðunar tókum sem varða þau í leikskólanum. Börnin eiga lýðræðislega umræðu og velja hvað þau fá í umbun fyrir brosin. Hver deild velur um uppákomu mánaðarlega. Börnin velja hvort þau vilja mála sig sjálf eða óska eftir að starfsmenn geri það þegar andlitsmálning er á boðstólunum.

Mat

Sjálfsmat kennara , hver og einn kennari fer yfir hvernig hann sinnir lýðræði og mannréttindum með börnunum fyrir sig. Kennarar ræða saman innan deilda og meta starf deildarinnar með tilliti til markmiða og leiða með lýðræði og mannréttindum um **áramót og vor**.

Tekið úr skólastefnunni = Einn af þessum grunnþáttum menntunnar er að hafa að leiðarljósi lýðræði og mannréttindi í öllu skólastarfi er. Starfshættir leikskóla skulu samkvæmt 2. gr. leikskólalaga nr. 90/2008 m.a. móttast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, **lýðræðislegu samstarfi**, ábyrgð og virðingu fyrir manngildi. Meðal meginmarkmiða uppeldis og kennslu í leikskóla er að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.

Kæru Lundarselir – NÚ ER KOMIÐ AÐ MATI – INNRA MATI (þá metum við okkur sjálf)

Það er mat á hvernig við erum að vinna með **vísindi** í leikskólanum Lundarseli.

Spyrjið fyrst ykkur sjálf og punktið niður ... Spyrið svo hvort annað og ræðið eftirfarandi spurninga:

Hvernig er ég / við að sinna vísundum á deildinni? Er ég / erum við að spá t.d. í sjálfbærni, gera tilraunir, prófa, skoða umhverfið. Er ég /erum við að nota kjallarann, útiveruna, snjóinn og vatnið ... Sjá rauða punkta hér neðst og veltu fyrir þér / veltið fyrir ykkur hvort eitthvað að þeim punktum samsvarar vinnu þinni / ykkar ?

Vinsamlegast skrifið niður nokkra punkta og skilið inn – það þarf að sanna að mat hafi átt sér stað!

Gott að lesa þetta yfir ↓

Í skólanámskrá Lundarsels segir um Sjálfbærni og Vísindi að markmið okkar séu:

Börnin taka þátt í að skapa vistvænt umhverfi sem leiðir til undrunar og fróðleiks.

Efla með sér þekkingu á náttúrunni og fá að kynnst henni á sem fjölbreytilegastan máta.

Að börnin velti fyrir sér öllu því margbreytilega sem finnst í náttúrunni/umhverfinu og hvað sé hægt að gera með það.

Börnin verði meðvituð um umhverfisvernd t.d. endurvinnslu, flokkun og matarsóun.

Tenging við aðalnámskrá

Áherslur skólans tengist vel megin markmiði um sjálfbærni og vísindi samkvæmt aðalnámskrá um að sjálfbærni feli í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti.

Leiðir

Börnunum gefst kostur á samræðu og fræðslu um almenna umhverfisvernd og að bera virðingu fyrir náttúrunni.

Börnin fá tækifæri til að leika sér með hin ýmis námsgögn. Umfjöllun og vísinda tilraunir eru á hinum ýmsu stundum dagsins.

Vettvangsferðir eru tengdar við umhverfið eins og árstíðir og börnin fá tækifæri til að flokka matarleyfar og pappír.

Börnin læra að gera tilraunir, rannsaka og vinna með stærðfræði.

Mat

Umhverfisnefnd leiðir leiðir starfið og sjá til þess að starfinu sé fylgt eftir meðal annars á **deildar- og starfsmannafundum**.

Og í Aðalnámskrá segir um Sjálfbærni og vísindi: Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á

reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúru fyrirbæri, vísindi og tækni. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Börn skulu fá tækifæri til að kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

- umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni,
- margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- nýtingu náttúrunnar,
- upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga,
- stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,
- lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- eiginleikum ýmissa efna og hluta,
- möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- rými, fjarlægðum og áttum.